

137. fundargerð

skólanefndar Tónlistarskóla Stykkishólms

12. október 2010

137. fundur skólanefndar Tónlistarskóla Stykkishólms var haldinn 12. október 2010 kl. 17 á skrifstofu skólastjóra.

Dagskrá

1. Skýrsla skólastjóra
2. Önnur mál

Mætt voru:

Jóhanna Guðmundsdóttir, Jósep Ó. Blöndal, Sigurborg Sturludóttir og Unnur Sigmarsdóttir.

1. Skýrsla skólastjóra.

- ◆ Vegna fjölda umsókna á slagverk fékk skólastjóri því framgengt að hækka kennsluhlutfall Hafþórs í 50%. Það fækkaði lengra komnum nemendum í lúðrasveitinni og því sér Hjálmar frekar um að sinna þeim sem eru styttra komnir. Lengra komnir nemendur koma einu sinni í mánuði á lúðrasveitaræfingar en æfa þess á milli í smærri hópum s.s. brass kvintett og salsa. 18. nóvember verður stefnt að lúðrasveitartónleikum.
- ◆ Skólagjöldin eru komin í innheimtu. Samtals 2,7 milljónir með fjölskylduafslætti. 105 nemendur eru í heilu námi, þar af 11 nemendur á blokkflautu þar sem hópakennsla er í gangi. 5 nemendur eru í hálfu námi og 10 nemendur í 1,5 námi. 81 nemandi greiðir skólagjöld án fjölskylduafsláttar. 24 nemendur eru með 20% afslátt (nemandi nr. 2 í fjölskyldu). 10 nemendur eru með 40% afslátt (nemandi nr. 3). 5 nemendur fá 50% afslátt (nemendur nr. 4 eða 5 innan fjölskyldu). 14 tónlistarnemendur eru í FSN með samtals 19 nemendaígildi. 14 tónlistarnemendur eru fullorðnir með samtals 17 nemendaígildi. Leiga á hljóðfærum, samtals 52.500 kr., kom inn núna í haust.
- ◆ Ræddum um húsnæði tónlistarskólans þar sem tími er kominn á viðhald, t.d. þarf að skipta um rafmagnsleiðslur og pípulagnir og einnig þarf að bæta hljóðeinangrun.
- ◆ Ýmislegt þarf að endurnýja og kaupa fyrir tónlistarskólann, t.d. rafmagnspíanó, monitor hátalara, nýja tölvu á skrifstofu, hljómtæki í tónfræðistofuna og nokkur hljóðfæri í smá-hljóðfærabankann.
- ◆ Skólastjóra barst bréf frá FÍT. Þeir bjóða upp á samstarf um tónleikahald þar sem heimamönnum gefst kostur á að fá tónlistarflutning frá FÍT gegn því að borga helming af þóknuninni ásamt gistingu og uppihaldi.
- ◆ Píanóeild Kolding Musikkole frá Danmörku er að koma til landsins í apríl og langar að heimsækja Stykkishólm.

2. Önnur mál.

Framhald af umræða frá síðasta fundi um sameiningu skólanefnda í Stykkishólmi. Skólanefnd tónlistarskólans telur ekki tímabært að sameining verði að svo stöddu!!!

Fundi slitið kl. 18:15

Unnur Sigmarsdóttir